

MENNING

Kirkjulist | Nýtt starfsár Listvinafélags Hallgrímskirkju hefst í dag með opnun myndlistarsýningar

Nýtt starfsár Listvinafélags Hallgrímskirkju hefst í dag með opnun myndlistarsýningar Kristínar Gunnlaugsdóttur myndlistarmanns og Margrétar Jónsdóttur leirlistakonu í forkirkju Hallgrímskirkju. Við það tækifæri verður leikið á klukkuspil Hallgrímskirkju og adventan hringd inn en venja er að starfsár Listvinafélagsins fylgi kirkjuárinu.

Listvinafélag Hallgrímskirkju var stofnað 1982 með það markmið að efla listalíf við Hallgrímskirkju í Reykjavík. Á 24. starfsári félagsins er sem fyrr lögð áhersla á að undirstrika hátíðir kirkjuársins með viðamiklum tónlistarflutningi á adventu, föstu, páskum, hvítasunnu og Allra sálna messu.

Á starfsárinu verða tvær tónlistarhátíðir, Jólatónlistarhátíð í Hallgrímskirkju 27. nóvember til 11. desember og Alþjóðlega orgeltónleikaröðin Sumarkvöld við orgelið 17. júní til 13. ágúst. Þá efnir Listvinafélagið til afmælishátíðar í tengslum við 20 ára vígsluafmæli Hallgrímskirkju, þar sem Óratórían Cecilía eftir Áskel Másson verður frumflutt, málþing um Hallgrím Pétursson og samtímamenn hans verður haldið og myndlistarsýning 20 íslenskra listmálara verður opnuð.

Hádegistónleikaröðinni Klaisorgelið hljómar, sem hóf göngu sína fyrir tveimur árum, verður haldið áfram, en markmiðið er að opna hljómheim orgelsins enn frekar fyrir áheyrendum á öllum aldri. Þá stendur Listvinafélagið fyrir fjórum myndlistarsýningum á starfsárinu í forkirkjunni.

Jólatónlistarhátíð Hallgrímskirkju 2005

Að venju verður boðið upp á dagskrá í Hallgrímskirkju á adventunni. Í ár verður tónleikahaldið með svipuðu sniði og í fyrra þegar efnt var í fyrsta skipti til tónlistarhátíðar á jólafestu í kirkjunni. Auk árlegra jólatónleika Mótettukórsins, sem jafnframt eru útgáfutónleikar geisladisksins Jólagaðarinnar með hugljúfum íslenskum jólalögum, verður boðið upp á orgeltónleika með Birni Steinari Sólbergssyni, organista Akureyrarkirkju, sem leikur franska jólatónlist, og heildarflutning á Jólaóratóríu Bachs með Schola cantorum og Alþjóðlegu barokksveitinni í Den Haag.

Á jólatónleikum sínum 29. nóvember og 3. og 4. desember flytur Mótettukór Hallgrímskirkju ásamt Ísak Ríkharðssyni drengjasópran, Sigurði Flosasyni saxófónleikara og Birni Steinari Sólbergssyni orgelleikara hugljúf íslensk jólalög. Efnisskráin, sem var á síðasta ári með svipuðum hætti er komin út á geisladiskinum Jólagoðfin.

Á tónleikum sínum í Hallgrímskirkju sunnudaginn 4. desember kl. 17 mun Björn Steinar Sólbergsson leika orgeltónlist frá ýmsum tímum tengda adventu og jólum með áherslu á franska jólatónlist, m.a. frá barokktíma, en Frakkar eiga þar drygri sjóð en aðrar þjóðir. Efnisskráin er fjölbreytt. Meðal höfunda verkanna má nefna Louis-Claude Daquin, Claude Balbastre og Felix Alexandre Guilmant.

Eitt vinsælasta jólaverk allra tíma, Jólaóratóría Bachs, hljómar í fimmta sinn á vegum Listvinafélagsins. Um er að ræða fyrsta heildarflutning á verkinu með fullskipaðri barokkhljómssveit hér á landi. Einsöngvarar á tónleikunum verða Hulda Björk Garðarsdóttir sópran, Sesselja Kristjánsdóttir alt, Eyjólfur Eyjólfsson tenór og Ágúst Ólafsson bassi. Með þeim leikur Alþjóðlega barokksveitin í Den Haag með hljóðfæraleikurum frá 20 þjóðlöndum, sem hafa sérhæft sig í flutningi barokk-tónlistar. Jólaóratórían verður flutt laugardaginn 10. desember kl. 17 (kantötur I–III), sunnudaginn 11. desember kl. 15 (kantötur I–III) og kl. 18 (kantötur IV–VI).

Hátíðir kirkjuársins undirstrikaðar

Á gamlársdag verða árlegir hátíðartónleikar premenninga sem stundum koma fram undir nafninu Trompeteria, trompetleikaranna Ásgeirs H. Steingrímssonar og Eiríks Arnar Pálssonar og Harðar Áskelssonar, organista Hallgrímskirkju. Fyrir marga eru þessir hátíðarhljómar við áramót orðnir ómissandi þáttur í hátíðahöldum gamlárskvölds. Margir kjósa að stíja áfram í kirkjunni og taka þátt í aftansöng kl. 18. Á efnisskránni eru þekkt verk eftir Bach, Albinoni og fleiri. Sunnudag 26. febrúar taka þremenningarnir þátt í Vetrarhátíð 2006 með því að flytja efnisskrá sem þeir léku í Keisararasalnum í St. Pétursborg fyrir fullu húsi. M.a. verður flutt nýtt verk eftir Jón Hlöðver Áskelsson ásamt sígildum perlum og verki eftir franska tónskáldið Dubois.

Ný íslensk óratoría, Cecilía eftir Áskel Másson

Auk kóra Hallgrímskirkju, Mótettukórsins og Schola cantorum, sem ávallt hafa lagt drjúgt af mörkum til dagskrár Listvinafélags Hallgrímskirkju, koma þrír aðrir kórar fram á kórtónleikum starfsársins sem verða alls sex að tölu auk fyrrnefndra tónleika á Jólatónlistarhátíðinni. Kór Áskirkju og Hljómeyki flytja sameinaðir franska og íslenska kórtónlist án undirleiks á tónleikum sunnudag 19. febrúar undir stjórn Kára Þormar, m.a. Messu í G-dúr eftir Francis Poulenc. Efnt verður til barokktónleika á föstunni sunnudag 2. apríl þegar kammerkór Akureyrarkirkju, Hymnodía, flytur ásamt Önnu Zander mezzosópran og hópi barokkeinleikara frá Svíþjóð verk eftir Dietrich Buxtehude, Membra Jesu nostri, sjö kantötur um líkama Krists á krossinum. Stjórnandi er Eypór Ingi Jónsson.

Mótettukór Hallgrímskirkju hefur haldið tónleika annan dag hvítasunnu allt frá upphafi starfs síns. Á efnisskrá tónleika kórsins 5. júní eru m.a. kórverk eftir Gorecki og Brahms sem hafa ekki hljómað áður í flutningi Mótettukórsins. Á allra heilagra messu 5. nóvember frumflytur Schola cantorum ásamt barokksveit hér á landi Requiem eftir André Campra, verk eftir franskan barokkhöfund. Einn af hápunktum starfsársins er frumflutningur Mótettukórs Hallgrímskirkju, kammersveitar kirkjunnar og einsöngvara á nýrri óratóríu eftir Áskel Másson, sem nú er í smíðum, Cecilíu, við texta Thors Vilhjálmssonar, fyrir kór, hljómssveit, einsöngvara og steinaspil en hún er byggð á sögu heilagrar Sesselju, vermdardýrlings tónlistarinnar. Verkið verður flutt á degi heilagrar Sesselju, miðvikudag 22. nóvember.

Sumarkvöld við orgelið

Á þeim rúma áratug sem liðinn er síðan Klais-orgel Hallgrímskirkju var tekið í notkun hefur orðspor þess borist víða og á annað hundrað erlendra organista í fremstu röð hafa komið til að leika á hljóðfærið, flestir á alþjóðlegu tónleikaröðinni Sumarkvöld við orgelið. Margir þeirra hafa einnig hljóðritað verk á hljómdiska í Hallgrímskirkju enda þykir hljómur orgelsins í sampli við rými kirkjunnar einstakur. Orgeltónleikaröðin hefst 17. og 18. júní með tónleikum bróður Andreas Warler frá Steinfelt í Þýskalandi. Hinn heimskunnhi enski organisti, Thomas Trotter, heldur tónleika 24. og 25. júní, Per Ahlman frá



Morgunblaðið/Jim Smart

Hörður Áskelsson listrænn stjórnandi Listvinafélags Hallgrímskirkju.



Morgunblaðið/Ómar

Opnuð verður í dag sýning á verkum Margrétar Jónsdóttur og Kristínar Gunnlaugsdóttur í forkirkju Hallgrímskirkju. Þar mætast málun og leir.

Gävle í Svíþjóð leikur 1. og 2. júlí, Guðný Einarsdóttir 8. og 9. júlí, Íslandsvinurinn Hannfried Lucke heldur tónleika 15. og 16. júlí, Sophie-Veronique Cauchefier-Choplin frá París leikur 22. og 23. júlí, Bine Bryndorf frá Kaupmannahöfn

29. og 30. júlí, Christoph Schoener organisti Michaeliskirche í Hamborg leikur 5. og 6. ágúst og röðinni lýkur með tónleikum Eypórs Inga Jónssonar, organista Akureyrarkirkju 12. og 13. ágúst. Haldnir eru stuttir hádegistón-

leikar á laugardegi en aðal-tónleikar eru á sunnudagskvöldum kl. 20.

Einnig verður hádegistónleikaröð á fimmtudögum allt sumarið sem er skipulögð í samvinnu við Félag íslenskra organleikara. Þar leika íslenskir organistar, einnig í samleik með öðrum hljóðfæraleikurum eða söngvurum. Þá er einnig að geta hádegistónleika með kynningum þar sem hlustendur eru leiddir um töfraheim orgelsins. Guðmundur Sigurðsson heldur slíka tónleika laugardaginn 21. janúar og Björn Steinar Sólbergsson laugardag 16. september.

Fjórar myndlistarsýningar

Efnt verður til fjögurra myndlistarsýninga í forkirkjunni á þessu starfsári og tekur hver við af annarri. Við upphaf nýs starfsárs verður sem fyrr sagði opnuð sýning Kristínar Gunnlaugsdóttur myndlistarmanns og Margrétar Jónsdóttur leirlistakonu. Um sýninguna segir Kristín: „Hér mætast tveir miðlar, málun og leir. Hin beina snerting handarinnar sem heldur utan um leirinn og hin innri snerting hugarins við lönd undir-meðvitundarinnar sameina hér verkin.“

Vorsýning Sigrúnar Eldjárn verður opnuð 4. mars og ber yfyrskriftina „.... eilíðar smáblóm“. Um sýninguna segir höfundur: „Í svörtum sandauðnum landsins leynast blóm. Blóm sem eru örsmá en litsterk og kraftmikil. Blóm sem hvert og eitt þjóna tilgangi í hinni stóru heild.“

Sumarsýning Listvinafélagsins verður opnuð laugardag 3. júní, daginn fyrir hvítasunnu. Þar sýnir Ásgerður Búadóttir textillistakona myndverk í forkirkjunni. Ásgerður er frumkvöðull nútímaveflistar á Íslandi. Verk hennar hafa ætíð haft sterka skírskotun til landsins og til náttúrunnar. Það er Listvinafélagi Hallgrímskirkju mikill heiður að fá tækifæri til að sýna verk hennar á sumarsýningunni 2006. Loks er að geta haustsýningarinnar sem verður opnuð 2. september með myndum Hafliða Hallgrímssonar. Um þau segir höfundur: „Það er ekki auðvelt að færa í orð innihald þess, sem í myndum mínum verður sýnilegt, en eftirfarandi lesmál er ekki fjarri lagi: Tákn ... teiknuð ... túlkðu ... máluð. Leiðin dulda að settu marki. Listin að láta táknin tala.“

20 ára vígsluafmæli Hallgrímskirkju

Að ári verða 20 ár liðin frá vígslu Hallgrímskirkju 27. október 1986. Í tilefni af vígsluafmælinu verður efnt til myndlistarsýningar tuttugu myndlistarmanna með portrettmýndum af Hallgrími Péturssyni. Enn fremur verður haldið málþing um Hallgrím Pétursson og samtímamenn hans í Evrópu í umsjón dr. Margrétar Eggertsdóttur. Þá verður árleg hátíðarmessa á Hallgrímsdegi, dánardegi skáldsins, 27. október. Afmælishátíðin stendur 26.–29. október 2006.

Árgjald Listvinafélags Hallgrímskirkju er 5000 kr. og í því felst aðgangur að alþjóðlegu orgeltónleikaröðinni Sumarkvöld við orgelið og 50% afsláttur af almennum miðaverði á aðra tónleika á vegum Listvinafélagsins. Afsláttarverð fyrir eldri borgara, námsmenn og maka er 3.000 kr. Stjórn Listvinafélagsins skipa dr. Margrét Eggertsdóttir, formaður, dr. Gísli Sigurðsson íslenskufræðingur, Jón Reykdal myndlistarmaður, Guðmundur Hallgrímsson lyfjafræðingur, Þóra Kristjánsdóttir listfræðingur og Hörður Áskelsson, kantor Hallgrímskirkju, listrænn stjórnandi félagsins. Framkvæmdastjóri er Inga Rós Ingólfssdóttir sellóleikari.